

Bifröst, 23. febrúar 2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Viðskiptaháskólans á Bifröst um frumvarp til laga um breyting á lögum um lögmenn, nr. 77/1998. 130. löggjafarþing 2003-2004, 463. mál.**

Viðskiptaháskólinn á Bifröst hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar og mælir eindregið með því að það verði afgreitt og gert að lögum sem fyrst. Með 4. gr. frumvarpsins er lögð til breytinga á 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. lögmannelaga nr. 77/1998 í þá veru að jafnræðis verði gætt milli lögfræðinga um heimild til að afla sér lögmennsréttinda án tillits til þess frá hvaða innlenda háskóla þeir hafa lokið prófi. Viðskiptaháskólinn á Bifröst fagnar þessari tillögu sem er sjálfsgöð og eðlileg breyting á lögmennslögum í ljósi þeirrar staðreyndar sem nú þegar liggur fyrir að innan skamms munu fleiri innlendir háskólar en Háskóli Íslands útskrifa lögfræðinga með sambærilegar gráðu.


Það orðalag núgildandi lögmannelaga sem miðar við sérréttindi Háskóla Íslands til að geta útskrifað lögfræðinga sem aflað geta sér lögmennsréttinda án sérstaks hæfnisprófs er afar umdeilanlegt og áhöld um hvort slíkt ákvæði standist jafnræðissjónarmið.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst bendir á að í öðrum þeim lögum þar sem fjallað er um lögfræðipróf sem skilyrði réttindanautnar og sem nýlega hafa verið endurskoðuð hefur verið valið hlutlaust orðalag að þessu leyti. Þetta á t.d. við um dómstólalögin nr. 15 frá 1998 en þar er í 4. gr. fjallað um skilyrði sem fullnægja verður til að geta orðið dómari við Hæstarétt. Þar er orðalagið “Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.”

Viðskiptaháskólinn á Bifröst bendir á að sambærileg breyting á lögum nr. 27/1981 um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga var nýlega gerð (126. löggjafarþing 2000-2001, þskj. 770, 484. mál). Þau rök sem búa að baki þeirri breytingu eru algjörlega hliðstæð þeim sem hér eiga við.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst fagnar umræðu um kröfur sem gera verður til inntaks laganáms og vill leggja sitt af mörkum til þeirrar umræðu en telur hins vegar að sú umræða sé óskyld því úrlausnarefni sem hér er til umfjöllunar. Því til sönnunar nægir að benda á að hvernig sem frumvarpi þessu reiðir af munu, samkvæmt þeim ákvörðunum sem þegar liggja fyrir, nemendur með fullgild lagapróf verða útskrifaðir frá öðrum háskólum en Háskóla Íslands innan fárra missera.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Þorsteinsdóttir  
Forseti lögfræðideildar  
Viðskiptaháskólans á Bifröst